

REYKJAVÍKURAKADEMÍAN

Dóra Björt Guðjónsdóttir formaður mannréttinda- nýsköpunar- og lýðræðisráðs
Anna Kristinsdóttir mannréttindastjóri

Reykjavík 5. desember 2019

Varðandi: Ósk um samstarf í tengslum við málþing um valdeflingu jaðarsettra hópa

Með þessu bréfi vill ReykjavíkurAkademían beina athygli ykkar að málþingi um skapandi og valdeflandi aðferðir í vinnu með jaðarsettum hópum sem verður haldið í Iðnó fimmtudaginn 11. júní 2020. Málþingið er ætlað fagfólki sem vinnur að því að gæta hagsmuna og að valdefla jaðarsetta einstaklinga og hópa. Tilgangurinn með málþinginu er tvíþættur, um leið og fjallað verður um markvissa beitingu skapandi aðferða til valdeflingar jaðarsettra er skapaður vettvangur fyrir fagfólk til þess að ræða sameiginlegar áskornir og lausnir.

ReykjavíkurAkademían stendur fyrir málþinginu sem verður stýrt af Björgu Árnadóttur, rithöfundu og ritlistarkennara, en hún hefur langa reynslu af því að beita skapandi aðferðum til valdeflingar jaðarsettra hópa. Bakhjarl málþingsins er Reykjavíkurborg og auk þess munu Listahátíð í Reykjavík, Mannréttindaskrifstofa og hugsanlega fleiri stofnanir og félagasamtök koma að málþinginu. Málþingið verður haldið í Klúbbsíðunni Listahátíðar og verður auglýst sem hluti af dagskrá Listahátíðar og stefnt er að því að halda einnig listviðburði jaðarsettra í tengslum við þingið.

ReykjavíkurAkademían hefur áhuga á að efna til formlegra samstarfs við Reykjavíkurborg um málþingið og með þessu bréfi leitum við eftir samstarfi við Velferðaráð og – svið og óskum eftir að skipaður verði tengiliður til þess að starfa með undirbúningsnefnd málþingsins. Fyrsti fundur nefndarinnar er áætlaður í desember og stefnt að því að dagskrá málþingsins verði fullmótuð fyrir lok janúar.

Sambærileg bréf eru send Heiðu Björg Hilmisdóttur, formanni velferðarráðs Reykjavíkurborgar og Regínu Ástvaldsdóttur, sviðsstjóra velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, Hjálmar Sveinssyni formanni menningar-, íþróttar- og tómstundaráðs og Örn Schram sviðsstjóra menningar- og ferðamálasviðs.

Virðingarfyllst,

Björg Árnadóttir

Björg Árnadóttir,
Verkefnisstjóri málþingsins
bjorg@akademia.is



Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir,
Framkvæmdastjóri ReykjavíkurAkademíunnar ses
annath@akademia.is, 844 1035

Hjálagt: Nánari upplýsingar um bakgrunn málþingsins teknar saman af Björgu Árnadóttur.

ReykjavíkurAkademían ses,
Þórunnartúni 2, 105 Reykjavík
562 8565, ra@akademia.is, www.akademia.is